

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	9/10 2014
Málsnr:	1410198
Bréfal:	516



**HS ORKA**  
Brekkuvegur 36  
260 Reykjanesbær  
Sími: 422 5200  
hsorka@hsorka.is  
[www.hsorka.is](http://www.hsorka.is)

Hafnarfjarðarbær  
Hr. bæjarstjóri Haraldur L. Haraldsson  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

7. október 2014

**Efni:** Rannsóknir á jarðhitasvæðinu í Krýsuvík.

Undafarin misseri hafa átt sér stað viðræður milli HS Orku og Hafnarfjarðarbæjar sem samning aðila er varðar fyrirhugaðar rannsóknir á jarðhitasvæðinu í Krýsuvík, sem leitt gætu til orkuvinnslu.

Hugmyndir HS Orku byggjast á nokkrum meginþáttum, sem eru;

- Að rannsaka jarðhitasvæðið í Krýsuvík með tilliti til raforkuvinnslu.
- Að greina aðstæður á svæðinu m.t.t. mannvirkjagerðar ef kæmi til virkjunar jarðhita á svæðinu.
- Að kortleggja helstu umhverfisþætti ef kæmi til virkjunaruppbyggingar.
- Að rannsaka möguleika á að framleiða heitt vatn sem unnt væri að flytja til Hafnarfjarðar/höfuðborgarsvæðisins til hitaveitunotkunar. Þessi þáttur þykir e.t.v. ekki nærtækur í tíma en hefur gríðarlega mikið vægi m.t.t. hugsanlegra skakkafalla sem hitaveiturekstur á höfuðborgarsvæðinu getur orðið fyrir ef náttúruhamfarir trufla núverandi rekstur
- Að kanna möguleika á afleiddri starfsemi orkuvinnslu í Krýsuvík, í samræmi við fjölþætta starfsemi margra fyrirtækja í auðlindagarðinum við orkuver HS Orku í Svartsengi og á Reykjanesi.
- Að kanna möguleika á aukinni ferðaþjónustu samfara orkuvinnslu í Krýsuvík og auka og bæta aðgengi ferðamanna um Krýsuvíkursvæðið.

Fyrir hönd HS Orku óska ég eftir að hefja á ný þær viðræður sem áður fóru fram, en gert var hlé á, af eðlilegum ástæðum, s.l. vor.

Kær kveðja

  
**Ásgeir Margeirsson**

Forstjóri